



BAUTASTEINN

ORAX Sigtæki

með rafmagnshleðslu



Efni:
hleðslukassi úr áli
rör úr ryðfríu stáli.

Lengd: 225
Færanleg breidd: frá 69 - 94 cm
Þyngd: 38 kg

BIKAB flokkunar- gámar



- Flokkun úrgangs
- Gámurinn er heitgalvanísieraður m/glansáferð
- Tvær einingar f/úrgang úr svörtu polyethilyni
- Lokur úr áli
- Klæðning: dökkgræn

Grafarklæði / graframmi



Þekur hliðar grafarinnar til botns og þekur gröfina allan hringinn. Samanstendur af tveimur löngum plönkum og tveimur t-formuðum endastykkjum.

K-60 Dreifari f / salt & sand



- Rúmmál: 60 lítrar
- Dreifubreidd: 0,6 m
- Þyngd 31 kg
- Fyrir jarðveg, sand og salt.

Lágur þyngdarpunktur og meðfærilegur.
Er einnig nothæft sem venjulegar hjólbörur.

RölTec vatnspóstar



Mobilplant sjálfvökvunar kassar



MobilPlant
til í meðfylgjandi stærðum:
65 x 30 cm ferhyrndur
60 x 40 cm ferhyrndur
40 x 30 cm ferhyrndur
50 x 30 cm rúnnaður

Bentzen As

Solgård Skog 4, 1599 Moss, Norge.

Telefon: +47 69 24 49 40 Telefaks: +47 69 24 49 44

www.bentzenas.no

Baráttan um brauðið



Þórsteinn Ragnarsson
formaður Kirkjugarðasambands Íslands.

Orðið „þolmörk“ hefur verið notað mikið í ræðu og riti síðustu misseri og þá tíðum í tengslum við efnahagsmál, þ.e. rekstur opinberra fyrirtækja, stofnana og sveitarfélaga. Aðallega eru það forráðamenn fyrirtækja og stofnana, sem eiga allt undir fjárlögum ríkisins, sem taka sér þetta orð í munn. En hvar liggja þolmörkin? Útreikningur þolmarka er eitthvað mismunandi eftir því hver reiknar og rekstrarstöðu viðkomandi fyrirtækis er mismunandi lýst eftir því hver talar og viðbrögð lesenda, áheyrenda og

ráðamanna er ólík eftir eðli þeirrar starfsemi sem til umræðu er hverju sinni. Þeim er mikill vandi á höndum sem þurf að lesa í þær upplýsingar sem koma frá hálfströnduðum fyrirtækjum og stofnunum á vegum ríkisins og afgreiða beiðnir um hækkun eða aukaframlög. Það er ekki ófundsvært hlutskipti. Hjá ráðuneytum ríkisins hafa embættismenn þetta hlutverk. Þeim er ætlað að leggja til við löggjafarvaldið hvar þörf in sé mest og brýnust.

Stjórn Kirkjugarðasambands Íslands hefur vakið máls á miklum niðurskurði til kirkjugarðamála en hann nemur vel yfir 30% frá árinu 2009. Ljóst er að aðlögunarhæfni kirkjugarða á landinu, til að mæta slíkum niðurskurði tekna, er misjöfn og fer eftir umfangi verkefna þeirra. Samkvæmt gögnum frá Ríkisendurskoðun um ársreikninga kirkjugarða 2011 eru rekstrar gjöld kirkjugarða 17,2% umfram tekjur þeirra, þegar rekstrarreikningar þeirra garða sem skiluðu ársreikningi eru teknir saman. Fram kemur þegar ársreikningarnir eru skoðaðir að fjárhagsstaða kirkjugarða er mjög misjöfn. Niðurskurður síðustu ára hefur bitnað mest á stærri kirkjugörðum þar sem erfiðara er að draga saman seglin vegna fasts rekstrarkostnaðar, t.d. launakostnað, viðhald fasteigna og véla o.fl. Stjórn KGSÍ hefur ráðið hagfræðing til að kanna fjármál kirkjugarða og er sú vinna langt komin og verður kynnt á aðalfundi KGSÍ á Akureyri 4. maí nk. Viðbúið er að niðurstöður þeirrar athugana leiði til þess að útteiling þess fjármagns, sem til skiptanna er, verði breytt til að jafna aðstöðumun og fjárhag kirkjugarða á landinu.

Þórsteinn Ragnarsson,
formaður KGSÍ.

Efni:

Um Boga Th. Melsteð og Melsteðsreit	4
Skaði á trjám	6
Grasið græna	8
Um grafartöku	12
Heimsókn til Japan	14
S. Helgason og Sólsteinar sameinast	18
Starfsmaður í Hólavallagarði	20
Hugleiðingar um raflýsingu	21
Kirkjugarðurinn á Blönduósi	22
Ferlið frá andláti til útfarar	25
Fréttir af aðalfundum	26
Grafarasöngur	29

BAUTASTEINN

Útgefandi:

Kirkjugarðasamband Íslands

Ábyrgðarmaður:

Þórsteinn Ragnarsson

Afgreiðsla:

Skrifstofa KGRP, Fossvogi

Sími: 585 2700, Fax: 585 2701

www.kirkjugardar.is

Ritstjórn:

Smári Sigurðsson

Guðmundur Rafn Sigurðsson

Sigurjón Jónasson

Umsjón, greinaskrif og ljósmyndun:

Hulda G. Geirsdóttir

Umbrot og prentun:

Guðjón Ó - vistvæn prentsmiðja



ISSN 1670-2395

Forsíðumynd:

Kirkjugarðurinn í Selárdal.

Ljós.: Guðmundur Rafn Sigurðsson.

Melsteðsreitir í Klausturhólakirkjugarði og Bogi Th. Melsteð

Gunnar Bollason sagnfræðingur skrifar:



Bogi Th. Melsteð

Þjóðminjasafn Íslands, Mms. 17688.

Klausturhólar í Grímsnesi eru fremur miðsveitar en þó ögn austan við miðja sveit. Bærinn er líklega landnámsjörð en samkvæmt Landnáma-bók bjó þar Hallkell, hálfbróðir Ketilbjarnar gamla. Í Klausturhólatúni er örnefnið Grímsleiði og er sagt að þar sé Grímur sá sem nam Grímsnes allt heygður.

Framan af öldum og sennilega frá fyrstu tíð hét jörðin Hólar. Í kirknaskrá Páls biskups Jónssonar sem sett hefur verið til ársins 1200 (sbr. Íslenzkt fornbréfasafn, 12. bindi, bls.

9) kemur fyrir nafn kirkjustaðarins Hóla en ekki er ljóst hvort átt sé við Klausturhóla eða jafnvel Hrepphóla í Hrunamannahreppi. Sveinn Nielsson getur þess í Prestatali og prófasta að í Klausturhólum hafi í kaþólskri tíð verið Mariukirkja en annexía hafi verið á Búrfelli og þar hafi kirkjan verið helguð með Guði, Maríu drottningu, Blasíusi biskupi og Þorláki biskupi. Aðalkirkjan mun fyrr hafa verið á Snæfuglsstöðum (Snæfoksstöðum) og verið Mariukirkja fyrrum en með konungsbréfi frá 1801 var sú kirkja aftekin og sókninni skipt milli Klausturhóla og Búrfells en sjálft prestsetrið flutt að Klausturhólum. Heimildir eru um kirkjur víðar í Grímsnesi fyrrum sem löngu eru af lagðar svo sem á Efri- og Neðri-Brú, í Öndverðarnesi, Vaðnesi, Ásgarði og Miðengi. Árið 1880 var kirkjan að Úlfjótuvatni lögð undir Klausturhóla en með úrskurði landshöfðingja var Klausturhólaprestakall lagt niður og voru þá um leið Klausturhóla- og Búrfellssóknir lagðar til Mosfells en Úlfjótvatnssókn aftur til Þingvalla.

Klausturhólar eru sagðir hafa verið í eigu Viðeyjarklausturs. Á Hvítasunnudag 1539 rændi umboðsmaður höfuðsmanns, Diðrik van Mynden, ásamt sveinaliði sínu klaustrið og eftir það er talið að ábótinn, Alexíus Pálsson, hafi flutt austur að Hólum og búið þar. Eftir það hafi bærinn fengið nafnið Klausturhólar. Holdsveikispítali var starfræktur á Klausturhólum frá því 1652 og fram undir miðja 18. öld er hann var fluttur að Kaldaðarnesi í Flóa. Síðasta kirkja sem stóð í Klausturhólum mun hafa verið reist 1895 en laust fyrir 1930 mun hún hafa fokið til á grunni sínum og skekkst mikið og var hún tekin ofan um það leyti sem steinsteypt kirkja var reist á Minni-Borg sumarið 1932.

Árið 1856 kom að Klausturhólum nývígður prestur, síra Jón Melsteð (1829-1872). Hann hafði að vísu vígst þangað árið áður en setið við barnakennslu í Reykjavík um haustið. Hann var þá nýlega kvæntur (1853) Steinunni (1824-1891) dóttur Bjarna amtmanns Thorarensen og fluttust þau þangað með tveimur elstu börnum sínum, þeim Ingileifi og Bjarna. Þann 4. maí árið 1860 fæddist í Klausturhólum sveinbarn, fimmta barna þeirra hjóna af átta alls. Var sveinninn skírður Bogi Jónsson Melsteð. Bogi var því kominn af miklum höfðingjættum 18. og 19. aldar og virðist

hafa erfð mikið af fróðskapargáfum þeim sem þar lágu í ættum, heitinn eftir Boga Benedikssyni Benedictsens á Staðarfelli höfundi sýslumannaæfa svo dæmi megi nefna. Við lát föður síns árið 1872 bauð Páll Melsteð yngri föðurbróðir Boga og Þóra kona Páls honum að koma til Reykjavíkur, dvelja á heimili þeirra og ganga í skóla. Næstu átta árin dvaldist Bogi við nám í Reykjavík en var hjá móður sinni í Klausturhólum á sumrin. Páll föðurbróðir Boga var sögukennari við Lærða skólann og var höfundur vinsælla bóka um mannskynssögu. Líklegt er að á þessum árum hafi áhugi Boga vaknað á því efni og sem hann valdi sér að æfistarfi. Á námsárum sínum tók Bogi að kenna sig við móðurætt sína auk föðurættarinnar og tók að skrifa sig Boga Thorarensen Melsteð (Boga Th. Melsteð). Bogi hóf þegar um haustið nám í barnaskólanum og árið 1875 innritaðist hann í Lærða skólann þaðan sem hann tók stúdentspróf árið 1882. Hann lauk meistara-prófi í sögu frá Kaupmannahafnarháskóla árið 1890.

Bogi tók á námsárum sínum virkan þátt í félagslífi stúdenta í Kaupmannahöfn. Hann hafði eins og jafnaldrar sínir mikinn áhuga á sjálfstæðisbaráttunni og öllum þeim efnum sem til heilla gætu horft fyrir Ísland. Hann var lengi styrktarþegi Árnasjóðs eða frá 1896-1912 og var starfsmaður í ríkisskjalasafni Dana 1893-1903. Frá árinu 1891 hafði Bogi nokkurn styrk af fjárlögum til að semja sögu Íslands. Um ritstörf hans mætti rita langt mál. Eftir að heimastjórn var fengin lét hann sér dægurmál minna máli skipta en áður en beitti sér æ meira fyrir því að koma á framfæri þeim málum sem til heilla horfðu landi og lýð til lengri tíma. Þegar horft er framhjá pólitískum bæklingum og blaðgreinum má segja að ferill hans sem rithöfundur hefjist með útkomu ritsins *Sýnisbók íslenskra bókmennta á 19. öld* þar sem



Melsteðsreitir í Klausturhólakirkjugarði.

Ljós.: Minjastofnun Íslands/Gunnar Bollason 8. september 2008.

lesendur fengu sýn á verk íslenskra skálda í lausu máli og bundnu. Vel má segja að Íslendinga saga, sem hann hóf ritun á 1891, sé hans þekktasta og mesta verk en fyrsti hluti hennar kom út árið 1903. Þriðja og síðasta bindi verksins kom ekki út fyrr en 1930, ári eftir lát hans. Bogi vann upp úr þessu mikla verki styttri rit sem segja má að væru alþýðu meira að skapi. Má þar nefna Þætti úr Íslendingasögu, *Alþýðubók* sem kom út á árunum 1900-1909 og *Handbók í Íslendingasögu I-II* sem gefin var út tveggis árin 1916 og 1933. Þá samdi Bogi litla bók sem ætluð var til kennslu í barnaskólum og nefndi hana *Stutta bók í Íslendinga sögu fyrir byrjendur*. Hún var gefin út þrívægis og notuð til kennslu fram á fyrri hluta 20. aldar. Bogi starfaði mikið fyrir Hafnardeild Hins íslenska bókmenntafélags en þegar deildin var lögð niður árið 1911 beitti hann sér fyrir stofnun Hins íslenska fræðafélags í Kaupmannahöfn og var forseti þess frá stofnun 1912 til dánardags.

Bogi lést í Kaupmannahöfn þann 12. nóvember 1929 eftir stutta legu af lungnabólgu. Kista hans var send hingað til lands með g/s Íslandi þann 19. nóvember. Þegar hann lést var haldin kveðjuathöfn ytra í Holmenskirkju. Var þar margt fyrimanna, jafnt danskra sem íslenskra, sem og ýmsir embættismenn og fræðimenn. Kveðjuathöfn var einnig gerð frá Dómkirkjunni í Reykjavík þann 26. nóvember en Bogi var jarðsettur í Melsteðsreit í Klausturhólakirkjugarði hjá foreldrum sínum og systkinum þann 28. nóvember.

Þegar kirkja var fyrr á öldum fyrst reist í Klausturhólum hefur garður strax verið markaður þar um kring. Í dag munu vera þekkt þar 24 leiði, síðast grafið þar árið 1984. Garðurinn fór illa í Suðurlandsskjálftanum árið 2000 en hefur verið lagfærður mikið síðan. Mun vera fjallað um þær lagfæringar á öðrum stað á þessum síðum. Melsteðsreitur er í garðinum miðjum fremur austarlega og er hann merktur sem reitur nr. 2. Þar er að finna í röð alls 11 minningarmörk. Það syðsta er afar hár varði á völdugum sökkli og undirsteini settur Bjarna Melsteð bónda í Framnesi. Næstu tvö minningarmörk eru eins. Þau eru af gerð legsteina sem aðeins virðist að finna í kirkjugörðum Árnessýslu. Þeir eru úr grágrýti, fallega lagaður topphnallur með stjörnu stendur á ferhyrndum varða og stendur hvort tveggja á sökkli með fagurlega meitluðum heiðurssveig. Allt stendur þetta svo á undirsteini. Syðri steinninn er yfir Önnu Melsteð sem átti Guðjón Vigfússon í Klausturhólum en hinn er yfir Hildi systur hennar. Fjórði steinninn er yfir Stefaníu systur þeirra en svo er að sjá sem aðeins sé varðinn eftir á undirsteininum en bæði topphnallinn og sökkulinn vanti hver svo sem skýringin er. Fimmta minningarmarkið á reitnum er brotinn pottjárnskross sem staðið hefur á kassa og var hann settur Brynjólfi Jónssyni Melsteð. Það sjötta er marmarakross settur Páli Jónssyni Melsteð stúdent og það sjöunda og áttunda var hvort tveggja sett síra Jóni Melsteð prófasti. Fyrst hefur honum verið reistur pottjárnskross á kassa en síðar, eftir að hann hefur allur verið orðinn brotinn, hefur Jóni verið reistur steinsteyptur steinn með innfelldri dökkri granítplötu. Níunda minningarmarkið er yfir frú Steinunni prófastsfrú og er það samskonar og nr. 2 og 3 yfir dætrum hennar og síra Jóns. Tíunda minningarmarkið er yfir Boga Th. Melsteð en ekki hefur reynst unnt að lesa á það ellefta sem stendur nyrst á reitnum.

Minningarmark Boga Th. Melsteð er afar völdugt og ris rúma tvo metra. Það er úr svörtu graníti og sett saman úr þremur hlutum. Efsti hlutinn er hár varði, flatur óbeliski en þó með fjórum þakflötum. Varðinn stendur á afar völdugum sökkli. Undirsteinninn sem þetta tvennt stendur á er úr sama efni en er þó mattur og



Minningarmark Boga Th. Melsteð í Klausturhólakirkjugarði.

Ljós.: Minjastofnun Íslands/Gunnar Bollason 8. september 2008.

eru allar brúnir hans ávalar. Á varðanum er letrið sandblásið og stendur það upphleyp á bekkjum. Á varðandum stendur:

BOGI THORARENSEN
MELSTEÐ

SAGNFRÆÐINGUR

FÆDDUR 4. MAÍ 1860
DÁINN 12. NÓVEMBER 1929

Helstu heimildir:

Jón Þ. Þór: *Bogi frá Klausturhólum og Ágrip af sögu Klausturhóla*. Óútgefið handrit fengið frá Biskupsstofu.

Lögberg, 10. nóvember 1932, s. 4.

Morgunblaðið, 22. nóvember 1929, s. 3

Minnisblað frá Guðmundi Rafni Sigurðssyni framkvæmdastjóra Kirkjugarðaráðs, 14. mars 2013. Í vörslu Minjastofnunar.

Páll Eggert Ólason: Íslenskrar æviskrár frá landnáms tímum til ársloka 1940.

Sveinn Nielsson: *Prestatal og prófasta á Íslandi*.

Vísir, 25. nóvember 1929, s. 1

Höfundur er sagnfræðingur og verkefnisstjóri kirkjuminja hjá Minjastofnun Íslands.

Skaði á trjám í Fossvogskirkjugarði

Aðfaranótt 29. desember síðastliðinn snjóaði töluvert hér í Reykjavík. Mjög blautur og þungur snjór hlóðst á greinar trjáa og runna í hægviðrinu sem var þá um nóttina. Afleiðingar snjókomunnar við þessar aðstæður voru mjög miklar og afdrifaríkar. Nokkur hundruð birkitrjáa brotnuðu en skemmdir voru mismiklar á hverju tré fyrir sig. Á mörgum trjám brotnuðu smærri greinar sem ekki telst til verulegs tjóns. Fjölmörg birkitré brotnuðu mjög illa og skemmdust þar af leiðandi mikið. Þau tré sem urðu hvað verst úti hafa verið felld en greinar og stofnar sagaðir af þeim trjám sem minna skemmdust. Alvanalegt er að ein og ein grein brotni af trjám yfir veturinn vegna snjóþunga en ekkert þessu líkt hefur gerst í Reykjavík mörg undanfarin ár.

Starfsmaður sem mætti daginn eftir til að sinna snjómokstri gat engan veginn gegnt starfi sínu almennilega þar sem trjágreinar og stofnar féllu m.a. út á götur og stíga og komu í veg fyrir að hægt væri að ryðja snjó af götum. Umferð sem var töluverð um garðinn rétt eftir jól gekk þess vegna ekki greiðlega á köflum.

Næstu daga og vikur eftir áramótin unnu starfmenn í Fossvogskirkjugarði hörðum höndum við að saga greinar og fella tré. Vinna við að fjarlægja brotnar greinar og tré stóð yfir í fimm til sex vikur. Önnur hefðbundin umhirða garðsins á þessum tíma var að mestu lögð til hliðar. Nú er haugur trjágreina og stofna sem safnast hefur upp orðinn margfalt stærri en að öllu jöfnu þótt aðrar klippingar á trjám og runnum hafi verið í lágmarki vegna þessa. Trjágreinar sem falla til eru kurlaðar og nýttar í jarðgerð sem fram fer hér á bæ og segja má að efniviðurinn falli inn í hringrás lífsins hér í kirkjugörðunum.

Þorgeir Adamsson





SÓLSTEINAR
S:HELGASON

Skemmuvegur 48 | 200 Kópavogur

60 ára - Sagan segir sitt



*Í tilefni 60 ára starfsafmælis, bjóðum við uppá fallegan
afmælisstein á sérstöku tilboðsverði*

*Íslenskur stuðlabergslegsteinn með sökkli, áletrun, lukt, vasa og uppsetningu
í kirkjugarð á kr. 169,000*

Sendum steininn einnig frítt út á land

sími: 557 6677 | shelgason.is | solsteinar.is

Grasið græna

Ég ætla að þessu sinni að fjalla aðeins um grasið - þennann gróður sem enginn tekur eftir nema þegar honum er ekki sinnt.

Gras er yfirleitt stærsta mublan í hverjum kirkjugarði, mestur tími okkar fer í að sinna því og það er sennilega það sem flestir sem koma í garðinn hafa skoðun á, hversu vel er slegið og hversu oft. Ég gæti trúað að við öll höfum fengið kvartanir um „að það hafi bara aldrei verið slegið í sumar“ þó svo að við sjálf værum bara nokkuð sátt við afköst sumarsins.

Við hönnun og framkvæmd á nýjum kirkjugarði ætti að kappkosta við að tyrfa eða sá, smávöxnu eða hægvaxta grastegundum. Kostir tyrfingar eru að hún er fljótleg og lítil hætta á að illgresi fjúki í flötina og svæðið þarf ekki svo mikla vökvun í meðalári. Þökur hafa reyndar þann ókost að þær eru dýrar. Sáning eykur hættu á að illgresi skjóti rötum í upphafi, vindur getur blásið frá einu eitthvað allt annað en það átti að fara og síðast en ekki síst þarf mikla og stöðuga vökvun eftir sáningu. En sáning hefur þann mikla kost að hún er mun ódýrari en þökulögn. Til er gott úrval grastegunda sem henta í kirkjugarða og hjá stærstu framleiðendum má fá upplýsingar og tilboð. Varast skal að fá þökur af gömlum tünnum með fóðurgrasi sem hefur þann „kost“ að gefa sem mesta uppskeru og hátt fóðurgildi því þó að slíkar þökur kosti eitthvað minna í upphafi getur kostnaðurinn við slátt rokið upp úr öllu valdi á stuttum tíma.

En hvað er til ráða í gömlum garði með grasgefnum tegundum? Auðvitað er hægt að tyrfa yfir með nýjum þökum af „rétri“

tegund og taka þá fyrir á hverju ári hæfilegt svæði sem hægt er að jafna, undirbúa og tyrfa á stuttum tíma svo að ekki sé opið sár í einhverja daga sem þessar marga. En yfirleitt má draga úr áburðargjöf, ég gæti trúað að ansi víða sé notaður alltof mikill áburður og borið á of oft. Í Gufunesgarði hefur ekki verið borinn áburður á grassvæði í fimm ár! Áburð með háu köfnunarefnisinnihaldi ætti alls ekki að nota en alltaf er að aukst úrvalið af áburðartegundum, bara að gefa sér tíma til að skoða úrvalið og leita ráða hjá fagaðilum.

Þau tæki og tól sem notuð eru við slátt miðast yfirleitt við hvernig garðurinn er hannaður. Í gömlum görðum með uppbyggðum leiðum þarf að notast við vélorf (prik) en þau hafa ýmsa kosti, eru afkastamikil og auðveld í notkun, en hafa líka ýmsa galla, þeyta grasi útum allt, geta skemmt runna og tré og svo er bölvundur hávaði af þeim. Við höfum prófað svo kallaðan „ruddahauss“ sem er græja með stuttu blaði sem lítur út eins og blað á hekkklippum og hefur hann gefist vel við þröngar aðstæður. Gömlu góðu handklippurnar standa svo alltaf fyrir sínu. Handsláttuvélar ættu allar að vera með drifi og hirða upp í kassa því starfsfólk hefur yfirleitt næg verkefni svo ekki sé verið að auka á erfiðni með því að ýta á undan sér sláttuvélinni eða raka allan garðinn að loknum slætti. Allar stærri sláttuvélar sem eru notaðar á ógráfin svæði eða á öðrum þeim svæðum sem þeim verður viðkomið eiga skilyrðislaust að vera með innbyggða söfnunarkassa. Mikið úrval er af allskonar tækjum og tólum í hey-






skapinn en gæði þeirra eru mismikil, sum eru ágæt til heima-
brúks en þola sjaldan þá miklu notkun sem er í kirkjugörðum. Þá
er ekki ónýtt að geta leitað til félaga í öðrum gördum og spurst
fyrir um reynslu af tilteknum vélum eða öðru er viðkemur gras-
hirðingu.

Aldrei skal leyfa grasi að vaxa of mikið og reyna að spara sér
einn og einn slátt því það verður svo margfalt meira mál að að slá
gras sem hefur fengið að vaxa, bæði tekur lengri tíma slá og ekki
síður veldur það miklu meira álagi á tæki og mannskap. Einnig
nær þá illgresi í grasflötinni, eins og fíflar, að þroska og kasta

fræjum. Gras ætti aldrei verða hærra en 15 sm og ekki skal slá
það sneggra en 5 sm. Varasamt getur verið að hafa gras of hátt að
hausti því þá getur sína valdið mikilli eldhættu eins og reynslan
sýnir er fólk kemur með kerti um jólin. Það er mín reynsla að
frekar ætti að fjölga sláttuumferðum því þá tekur hver umferð
styttri tíma, minna álag er á mannskapinn, betri meðferð á tækj-
um og garðurinn lítur alltaf vel út sem er jú akkúrat markmiðið
og tilgangurinn með þessu öllu saman.

Heimir Janusarson



fánar

fyrirtækjafánar • hátíðarfánar
þjóðfánar • borðfánar • bannerar

www.merkismenn.is



MERKIS MENN
UMHVERFISMERKINGAR SKILTAGERÐ

Ármúla 36 • 108 Reykjavík • Sími: 544 2030





Tónsúlur með tæran hljóm

MA12 hátalararnir eru upprunalega hannaðir fyrir notkun í kirkjum, þar sem látlaus feegurð og tær hljómur í tali sem og tónlist var megin krafan. MA12 hefur einstaka hljóðdreifingu og kastdrægni sem gefur jafnari hljóðstyrk og hljómgæði í rýminu öllu.



gardur.is



Í minningu látinna

Vefurinn gardur.is veitir á aðgengilegan hátt upplýsingar um legstaði látins fólks á Íslandi. Þar er hægt að fletta upp hvar í kirkjugarði látnir ástvinir hvíla, ásamt fæðingar- og dánardægri. Þessi þjónusta hefur fengið mjög jákvæðar undirtektir og fljótlega komu fram óskir um að aðstandendur geti fengið birtar ítarlegri upplýsingar í minningu viðkomandi einstaklinga.

Til móts við óskir um ítarlegri minningu látins einstaklings

Aðstandendur geta nú, gegn greiðslu, fengið birt efni um látinn ástvin á gardur.is. Upplýsingarnar geta t.d. verið stutt æviágrip, helstu skyldmenni, samferðafólk og myndir.

Hvernig er hægt að fá efnið birt?

Það er auðvelt. Hægt er að óska eftir birtingu í síma 585-2700 og meðfylgjandi ævidrög og mynd, sem eru úr minningargrein Morgunblaðsins, verða birt á legstaðaskránni gardur.is undir nafni hins látna og verða þar um alla framtíð.

www.gardur.is

Vefurinn gardur.is

er í umsjón og eigu Kirkjugarðasambands Íslands. Hann byggir á samvirku gagnasafni og inniheldur leyfilegar upplýsingar um látna einstaklinga og legstað þeirra í kirkjugörðum á Íslandi. Einnig eru þar upplýsingar um kirkjugarða með kortum, texta, myndum og teikningum.

Helstu styrktaraðilar gardur.is eru Alþingi og Kirkjugarðasjóður

Ítarlegri upplýsingar má fá í síma 585 2700 eða á gardur.is

Um grafartöku

Er andlát verður fá aðstandendur dánarvottorð hjá þeim lækni sem úrskurðaði viðkomandi látinn. Aðstandendur fara með vottorðið til viðkomandi sýslumanns sem gefur út staðfestingu á móttöku þess. Þessi staðfesting er síðan afhent viðkomandi presti sem ekki má jarðsyngja nema fá staðfestinguna í hendur.

Þá er komið að verkefni kirkjugarðsins. Ef hinn látni á ekki frátekinn grafreit þarf að úthluta reit og þá þarf að spyrjast fyrir um hvort taka eigi frá legstað fyrir einhvern eftirlifandi. Í sumum görðum er jafnvel hægt að taka frá fleiri en einn reit en ekki er mælt með því að úthluta mörgum reitum því oft gengur illa að fullnýta svæði þar sem það hefur verið gert. Í sumum görðum er jafnvel hægt að velja grafarsvæði eða jafnvel grafreit en það stýrist helst af framboði á grafreitum. Við úthlutun á nýjum reit þarf að skrá leiðishafa/rétthafa (þann sem á að fara í hina fráteknu gröf) en yfirleitt er það maki eða einhver nákominn. Ef hinn látni á frátekinn reit er málið einfaldara, þá er það á hreinu hvar á að grafa. Ef grafa á í reit sem annar en hinn látni er skráður fyrir þarf skriflegt samþykki rétthafa til þess að fyrirbyggja allan misskilning í þeim málum. Við grafartöku skal gaumgæfa vel og fara tvisvar og með aðskildum hætti yfir umbeðna eða ákveðna staðsetningu. Einnig skulu upplýsingar um kistustærð liggja fyrir. Á þeirri stundu skal einnig liggja fyrir hvort grafa eigi tvo í viðkomandi reit því grafa skal þann fyrri dýpra. Þegar þessu ferli er lokið skulu allar upplýsingar strax færðar til bókar. Í Reykjavík og fleiri þéttbýlisstöðum eru kirkjugarðarnir með sérstakt bókunarkerfi. Um skráninguna sjá útfararstjórar áður en útför og jarðsetning eða bálför fer fram. Þeir skrá hvenær útför á að fara fram og frá hvaða kirkju. Sú ákvörðun er tekin af aðstandendum og viðkomandi presti. Þessi skráning skilar sér síðan inn á miðlæga legstaðaskrá sem heitir www.gardur.is

Í dreifbýli sjá prestar um þessa þætti, þ.e. að athuga hvar grafa eigi o.s.frv. Þeir þurfa í öllum tilfellum að skila inn dánarskýrslu til Þjóðskrár og einnig samskonar skýrslu inn á gardur.is

Þá er komið að því að taka gröfina. Yfirleitt eru notaðar vélar þar sem þeim verður við komið. Á síðustu árum hafa komið á markað öflugar en nettar vélar sem ættu að komast að flestum gröfum í „venjulegum“ kirkjugarði. eru þannig vélar gjarnan í eigu verktaka en jafnvel er hægt að fá slíkar vélar leigðar á véla-leigum. Þrjár stærstu kirkjugarðar landsins eru með eigin vélaútgærð. Ekki ætti að fara um kirkjugarða á of stórum vélum því þær geta valdið miklu tjóni á stígum og grasi. Moka ætti úr gröf upp á vagn ef mögulegt er og jarðvegur færður burt á meðan jarðsetning fer fram. Sums staðar er ekki hægt að koma vagni að en oft má koma fyrir kassa eða litlum gámi sem hægt er að moka uppí. Í mörgum gömlum görðum er ekki hægt að koma að nokkrum vélum og verður þar að handmoka grafir og þá er mokað upp á bakkann. Áriðandi er að hafa þá eitthvert undirlag undir jarðveginn svo að ekki verði of mikil vinna við að ganga frá eftir á, það

tryggir einnig snyrtilega aðkomu að leiðinu. Grafir ættu að vera 220 sm á lengd en um grafardýpt segir í lögum: „Grafir skulu vera svo djúpar að fullur metri sé frá kistuloki á grafarbarm.“ Heildardýpt grafar er þar af leiðandi 160-170 sm og breiddin 80 sm og eiga allar venjulegar kistur að komast í þannig gröf. Ætíð skal vanda til verka og hámarks snyrtimennsku krafist á allan hátt. Grafir skulu vera hornréttar á stíga og skera skal með kant-skera fyrir gröf svo að bakki rifni ekki og verði skörðóttur. Ef frost er í jörðu skal reyna að brjóta upp jarðveg með fleyg eða jafnvel bræða hann eins og víða er gert. Botn grafar og veggir skulu vera jafnir og sléttir.

Í mörgum kirkjugörðum eru notuð sérstök grafarsett úr trefja-plasti eða áli/járni og grafir klæddar með þar til gerðum dúk. Dúkurinn tryggir að grjót eða mold sem losnað getur við jarðsetningu fellur niður með dúknum en lendir ekki ofan á kistu eða undir henni áður en hún kemst á grafarbotn. Víða eru notaðir tré-plankar á grafarbakka og þurfa þeir að vera nógu traustir og öruggir til þess að bera þann þunga sem á þá kemur. Ástæða fyrir þessum grafarplönkum eða settum er sú að grafarbakkar eru oft lausir og gætu brotnað og hrunið þegar verst á stendur. Mismunandi er milli garða og jafnvel einstakra útfara hvort kista er látin síga í gröf um leið og komið er í garð eða hvort signt er yfir





kistuna fyrst og hún svo látin síga eða kistan jafnvel skilin eftir uppi og svo sjá starfsmenn kirkjugarðsins eða líkmenn um að láta síga þegar athöfninni er lokið og aðstandendur farnir. Stundum er ekki hægt að láta kistu síga vegna grafardýptar, hrunhættu úr bökkum eða jafnvel vegna jarðvatns og skal gröfinni þá lokað með plötu ef mögulegt er. Ýmsar útgáfur eru á sigköðlum, sumir nota granna kaðla, setja þá í gegnum handföng og halda um þá tvöfalda, aðrir nota svera kaðla sem fara undir kistuna. Aðalmálið er að kaðlarnir gefi gott grip og auðvelt sé að halda þeim hreinum.

Þegar mokað er yfir gröf skal reynt eftir mætti að koma jarðvegi fyrst niður með göflum og hliðum kistunnar og moka svo ofan á hana. Varst skal að þjappa mold á kistu fyrr en komið er u.þ.b. 50-60 sm lag af jarðvegi ofan á kistuna og helst skal jarðvegi þjappað út í gafla grafar. Þegar gröf er fulllokuð skal byggja leiðið um 20 cm upp fyrir grafarbakka til að mæta væntanlegu sigi. Raka skal með hrifu yfir leiðið að lokum og hreinsa moldarköggla og smágrjót úr yfirborði. Mjög mismunandi er milli kirkjugarða hvenær tyrft er yfir leiðin, sums staðar er það gert strax eftir að gröf herfur verið lokað en annars staðar er þökulagt ári eftir útför. Að jarðsetningu lokinni sér starfsmaður garðsins

um að fylla út grafarskýrslu og senda á gardur.is og í framhaldi af þeirri skráningu fær viðkomandi garður greitt fyrir jarðsetninguna samkvæmt ákveðnu einingagjaldi sem sniðið er að framlagi ríkisins.

Í flestum tilfellum er kross settur á leiði strax að athöfn lokinni en varast skal að setja legstein á leiði fyrr en að loknum einum vetri að lágmarki og jafnvel ekki fyrr en ári eftir útför því þeir vilja gjarnan skekkjast og síga. Kirkjugarðar eiga að upplýsa aðstandendur um hvaða reglur gilda í viðkomandi garði um stærð og lögun minningarmarka og kröfur um gerð undirlags. Enginn ætti að fá að setja upp minningarmark í kirkjugarði án þess að fá samþykki viðkomandi kirkjugarðsyrivalda. Reglur um minningarmörk ættu að vera á augljósum stað í öllum gördum og legsteinasalar ættu að vera upplýstir um þær reglur er gilda á hverjum stað. Forðast skal munnleg skilaboð í þessu málum og einfalt mál er að nota tölvupóst þannig að hægt sé að vísa í þau samskipti ef ágreiningur kemur upp.

Heimir Janusarson

Ráðstefnan í Osló

Dagana 4. til 6. september nk. verður haldin ráðstefna um málefni kirkjugarða og bálstofa á Norðurlöndum.

Norrænu samtökin Nordisk forbund for kirkegårder og krematorier (NFKK) = www.nfkk.eu/index.html halda ráðstefnuna og hefur undirbúningur staðið í tvö ár. Yfirskrift ráðstefnunnar er «Gæði, gildi og endurskipulag». Erindi og umræður á ráðstefnunni verða túlkuð yfir á íslensku.

Nánari upplýsingar um tilhögun ferðar á ráðstefnuna veitir Þórsteinn Ragnarsson, formaður KGSÍ, í síma 5882700 eða thrag@kirkjugardar.is

Kirkjugarðar í Japan heimsóttir

Á ferð minni um Japan skoðaði ég kirkjugarða þó að ég hafi verið þar í fríi. Ég sá að frágangur leiða er til fyrirmyndar og almennt er hugsað vel um kirkjugarða. Engar sérstakar reglur gilda um val á legsteini eða minnisvarða. Á leiðum eru annars vegar legsteinar og hins vegar lítil grafhýsi fyrir duftker. Auk hefðbundinna áletrana, svo sem nafns, fæðingar- og dánardægurs o.s.frv., er „hjóll viskunnar“ (dharma chakra) eða brot úr helgiritum stundum rist á legsteininn. Við leiðið er algengt að komið sé fyrir tré fjöl með nýjum nöfnum hinna framliðnu en hinum látnu er gefið nýtt nafn við útförina til að þeir snúi ekki aftur þegar jarðneska nafnið er nefnt. Tré fjölin er síðan fjarlægð þegar líður frá jarðsetningu.

Trúarbrögð flestra Japana eru sambland af Búddisma og Shintoisma, aðeins 1-2% af íbúunum eru innan kristinna safnaða. Meira en 90% af útförum í Japan eru skipulagðar í samræmi við siði og venjur Búddista. Nær allir Japanir láta brenna sig enda er jarðnæði af skornum skammti og þjóðin gríðarlega fjölmenn, tæplega 130 milljónir.

Þórsteinn Ragnarsson, forstjóri.



Þessar myndir eru teknar í sveitarkirkjugarði nálægt hinu þekktu fjalli Fuji-san og sýna m.a. leiðaraðir sem komið er fyrir á stöllum í hlíðinni.

Þessar myndir eru teknar í hverfinu Shinjuku-ku í Tokyo. Um er að ræða lítinn kirkjugarð inni í miðju hverfi við mikla umferðargötu. Mörg fyrirtæki í Japan eru með sérstakan kirkjugarð þar sem hluti af ösku starfsmanna er jarðsettur.



Er heimilið örugglega öruggt?

Fáðu ráðgjöf og tilboð hjá Trausta öryggisráðgjafa á oryggi.is



f Góð ráð frá Trausta á facebook.com/oryggi

Á oryggi.is getur þú með einföldum og fljótlegum hætti fengið vandaða öryggisráðgjöf og tilboð í öryggiskerfi sem hentar þínu heimili eða sumarhúsi.

Kíktu á Trausta öryggisráðgjafa á oryggi.is og láttu hann ráðleggja varðandi kerfi og gera þér verðtilboð.



Heimaöryggi



Sumarhúsaöryggi



Öryggishnappur



Öryggisvörur



Öryggisgæsla

ÖRYGGI ○ VELFERÐ

Sími 570 2400 · oryggi.is
Stöndum vaktina allan sólarhringinn

 ÖRYGGIS
MIÐSTÖÐIN



www.kirkegaardskultur.no/nordisk.kongress

Boð

Samtök norrænna kirkjugarða og bálstofa, NFKK, hafa þá ánægju að bjóða til norrænnar ráðstefnu í Osló, september 2013.

Tími: 4. - 6. september 2013

Þema: "Gæði, gildi og endurskipulag"

Staður: Hotell Royal Christiania, Osló, Noregi

Dagskrá: <http://kirkegaardskultur.no/nordisk-kongress-2013/>

Á 4. ára fresti safnast kirkjugarðafólk saman til norrænnar ráðstefnu. Árið 2013 er komið í hlut Noregs að halda ráðstefnuna, og við vonum að sem flestir komi til Oslóar!

Samkvæmt hefð mun ráðstefnan beina sjónum sínum að mikilvægum málefnum, og gefa þáttakendum tækifæri til að hitta góða félagar og njóta ánægjulegrar samveru með þeim.

Skrifstofa ráðstefnunnar:
Norsk forening for kirkegårdskultur
Heimilisf: Sagodden, 3760 Neslandsvatn
Sími: (047) 35 99 45 74
Netfang: post@kirkegaardskultur.no

Hagnýtar upplýsingar:
Tekin hafa verið frá herbergi á ráðsefnuhótelinu og nærliggjandi hóteli. Skráning og hótelpöntun fer fram á heimasíðu ráðstefnunnar
<http://kirkegaardskultur.no/nordisk.kongress-2013/>

Á ofangreindri heimasíðu eru einnig upplýsingar um ráðstefnuna.

Hjartanlega velkomin til norræns fundar í Osló um málefni kirkjugarða!

Mikil verkþekking og aukin framleiðslugeta

S. Helgason og Sólsteinar sameinast



Úrval legsteina er að finna hjá Sólsteinum/S.Helgasyni.

Steinsmiðjurnar S. Helgason og Sólsteinar voru sameinaðar á síðasta ári en árið 2011 hafði Steiniðjan, sem rekur Sólsteina, keypt S. Helgason en smiðjurnar voru reknar hvor í sínu lagi fyrst um sinn. S. Helgason er elsta starfandi steinsmiðja landsins, stofnuð árið 1953 af Sigurði Helgasyni og á hún því 60 ára starfsafmæli á þessu ári. S. Helgason hefur verið staðsett á Skemmuveginum í Kópavogi sl. 36 ár en þar áður var steinsmiðjan staðsett í Súðarvogi og Einholti í Reykjavík.

Sólsteinar voru stofnaðir árið 1996 af Þóri Barðdal. Fyrst um sinn var starfsemi rekin á Lundi við Nýbýlaveg í Kópavogi en fluttist síðar á Kársnesbraut.

Fjölbreytt framleiðsla

S. Helgason hefur frá stofnun framleitt legsteina en við þá framleiðslu hafa fjölmargir þættir bæst við, t.a.m. borðplötur, sólbekkja og grásteinsplötur í arna svo fátt eitt sé nefnt. Flísaframleiðsla úr íslenskum steintegundum hefur einnig spilað stórt hlutverk sl. áratugi og er framleiðslu fyrirtækisins víða að finna. T.d. má

nefna gabbróflísar á húsi Seðlabanka Íslands, stuðlabergsklæðningu á menningarhúsinu Hofi á Akureyri og blágrýtisflísar í tónlistarhúsinu Hörpu.

Sólsteinar hafa allt frá stofnun unnið jöfnum höndum að framleiðslu legsteina, borðplatna og sólbekkja. Einnig hefur fyrirtækið verið framarlega í framleiðslu ýmissa smærri verka, s.s. verðlaunagripa, kertastjaka og tækifærissgjafa fyrir hin ýmsu tilefni. Starfsemi sameinaðra smiðja er nú rekin á Skemmuvegi 48 í Kópavogi undir nafninu Sólsteinar/S.Helgason.

Ávinningur af sameiningu

Ásgeir Nikulás Ásgeirsson sölustjóri segir mikinn ávinning hafa orðið af sameiningunni: „Fyrir utan augljósan rekstrarlegan ávinning, þ.e. að reka eina einingu í stað tveggja, fólst ávinningurinn ekki síður í þeirri miklu verkþekkingu sem þarna sameinaðist á einn stað sem og aukinni framleiðslugetu til að takast á við stór og fjölbreytt verkefni.“

Ásgeir segir Sólsteina/S. Helgason öflugra alhliða steinsmiðju sem sinni öllu sem viðkemur smíði úr steini. „Verkefni erlendis



Málað ofan í stafi á legsteini.

hafa aukist á sl. árum og íslenskt hráefni hefur verið flutt út til hinna Norðurlandanna og meginlands Evrópu. Stór hluti framleiðslunnar hjá okkur snýr að steinplötum sem fegra heimili landsmanna en hryggjarstykkið hefur frá öndverðu verið framleiðsla legsteina og leggur fyrirtækið mikinn metnað í að skila frá sér fallegum minningarmerkjum til viðskiptavina sinna.“

Stuðlabergið vinsælt

Sólsteinar/S.Helgason býður upp á legsteina úr graníti og marmara en sérstaða þeirra liggur þó í smíði á legsteinum úr íslensku hráefni. Stuðlaberg hefur lengi verið vinsælt í legsteina enda fer þar saman mikið veðrunarþol og fjölmargir möguleikar í

útfærslu. Sumir kjósa að fá óunna stuðlabergsdranga á meðan aðrir velja meira unna steina en þá koma fram fallegar æðar sem myndast hafa við storknun og gefa legsteininum mikinn svip og engir tveir steinar eru eins. Legsteinar úr gabbró og líparítí eru einnig vinsælir og þykja mikil þrýði.

Meðfram legsteinasmíðinni sinnir smiðjan ýmis konar þjónustu er tengist viðhaldi steinanna. Málað er í letur sem farið er að dofna og steinar sem farnir eru að skekkjast réttir af. Ásgeir segir einnig mikið um að áletrunum sé bætt við á eldri steina. „Viðskiptavinir okkar skipta orðið þúsundum og við hlökkum til að sinna verkefnum morgundagsins með áratuga reynslu og farsæla sögu í farteskinu,“ segir Ásgeir að lokum.



Séð inn í steinmiðjuna.

Legsteinar og fylgihlutir


Fríar uppsetningar á höfuðborgarsvæðinu
á öllum keyptum legsteinum

Mikið úrval - Vönduð vinna - Gott verð

MOSAİK Hamarshöfða 4 - 110 Rvk - sími 587 1960 - www.mosaik.is



Marmari
Granit
Blágrýti
Gabbró
Liparit



Bálfarabeidni skipulag útfarar - æviágrip

*Athyglisverðar
upplýsingar, kynnið
ykkur málið!*

www.kirkjugardar.is



Heimir Janusarson garðyrkjumaður.

Starfsmaður í Hólavallagarð

Nýverið var Heimir Janusarson garðyrkjumaður ráðinn til starfa við umsjón Hólavallagarðs í Reykjavík. Með ráðningunni hefur KGRP ákveðið að setja kraft í umsjáslu garðsins og verndum þeirra menningararfleifðar sem hann geymir. Heimir segir nýja starfið leggjast vel í sig, en hann hefur verið forstöðumaður í Gufuneskirkjugarði undanfarin ár. „Ég hef alltaf haft áhuga á Hólavallagarði og hef m.a. boðið upp á leiðsögn um garðinn ásamt eiginkonu minni. Þegar mér bauðst að taka við þessu starfi stökk ég á það. Garðurinn hefur aðeins lent til hliðar, sérstaklega eftir hrun og niðurskurður í framhaldinu að einhverju leyti stöðvað eða hægt á því ferli sem áður var komið af stað. Einnig má nefna að Sigurjón Jónasson, sem hætti störfum hjá KGRP fyrir skemmstu, hafði alltaf sinnt málefnum þessa garðs af mikilli alúð og metnaði og því ánægjulegt að taka upp þráðinn að nýju.

Í upphafi verða helstu verkefni að hreinsa og koma skikk á trjágróður, en í framhaldinu verður haldið áfram þar sem frá var horfið í viðhaldi og viðgerð á járnrindverkum, legsteinum og öðrum minningarmörkum. Síðan að reyna að sinna öllum þeim fjölda ferðamanna sem kemur í garðinn, koma upplýsingum á framfæri til gesta og jafnvel nota samfélagsmiðla til þess. Þetta er spennandi verkefni og allt öðruvísi vinna en í Gufunesgarði, en maður hefur bara gott af því að skipta um umhverfi reglulega. Svo er ekki ónýtt að vinna hjá KGRP sem hefur tekið það upp hjá sjálfu sér að að sýna framsýni og leggja þessa miklu áherslu á viðhald menningararfsins.“



Hugleiðingar um raflýsingu

Um síðustu jóla átti ég leið um kirkjugarð nokkurn. Garður þessi hefur vakið athygli mína undanfarin ár fyrir þá staðreynd að hann er einn besti hirti kirkjugarður sem ég hef komið í að mínu mati. Sleginn mjög reglulega, hvergi rusl á stígum, engin sigin leiði og allt til fyrirmyndar. Því brá mér ansi mikið er ég sá útbúnað jólalýsingarinnar. Alls konar tengikassar, málning að flagna af þeim og snúrufarganið ótrúlegt, gular snúrur, hvítar, grænar, rauðar og svartar, á keflum, upphringaðar fyrir aftan legsteina, fjöltengi og framlengingarsnúrur. Það er greinilegt að garðurinn leggur til þessa tengikassa og svo kemur fólk með sínar ljósa „skreytingar“ sem eru af öllum stærðum og gerðum, blikkandi Las Vegas-seríur og jafnvel uppblásinn engill með ljósi innan í. Um fegurðargildið er hægt að deila en það er eitthvað sem segir mér aumum garðyrkjumanninum að þessi umbúnaður uppfylli ekki örggiskrófur Skoðunarstofu eða hvers þess sem vottar þennan raflýsingu. Er þetta ekki eitthvað sem mætti ræða og samræma á vettvangi KGSÍ?

Heimir Janusarson

REYNSLA • UMHYGGJA • TRAUST



*Krossar og skilti á leiði
Sendum um allt land
Pöntunarsími 551 1266*



**ÚTFARARSTOFA
KIRKJUGARÐANNA EHF**

Vesturhlíð 2 • Fossvogi
Sími 551 1266 • www.utfor.is

Metnaður fyrir bættum kirkjugarði

Margs konar framkvæmdir á Blönduósi

Kirkjugarðurinn á Blönduósi rekur sögu sína aftur til ársins 1900 en þá var honum valinn staður ofan við gömlu kirkjuna á Blönduósi. Kirkjan hafði áður staðið á Hjaltabakka frá fornu fari en með aukinni fólksfjölgun var ákveðið að færa hana inn í kaupstaðinn. Kirkjugarðurinn var áfram á Hjaltabakka og var nýttur í nokkur ár eftir kirkjuflutninginn en síðar var sléttað yfir hann. Í dag eru einu ummerkin um hann þrjár steinar eða stöplar úr Húnaþingi sem settir voru niður til að minnast gamla kirkjugarðsins. Biskupsstofa kostaði gerð skjaldar úr kopar sem settur var á einn steinanna og heiðrar minningu gamla garðsins.

Nýja kirkjugarðinum á Blönduósi var valinn staður uppi á brekkunni ofan við kirkjuna og hann hafður 24 metrar á hvern veg en þó nægt rými til stækkunar. Garðurinn var tilbúinn til notkunar haustið 1900 og var fyrst jarðsett í hann 30. nóvember það ár. Í eldri garðinum á Hjaltabakka var fátt um minningarmörk en þó voru þar tveir steinar sem fluttir voru yfir í garðinn á Blönduósi og teljast þeir því elstu legsteinar þar.

Umtalsverðar framkvæmdir

Frá árinu 2005 hafa verið umtalsverðar framkvæmdir við kirkjugarðinn á Blönduósi þar sem lögð hefur verið áhersla á að bæta ásýnd og umhverfi garðsins. Meðal annars var farið út í að slétta leiði en flest leiði í elsta hluta garðsins voru upphlaðin sem gerði mjög tafsamt og erfitt að slá og hirða það svæði. Verkið var unnið í samráði við aðstandendur og minningarmörk mæld út og sett aftur niður á sama stað og áður. Settir voru upp sörpkassar og nú síðast voru vatnspóstar í garðinum lagaðir og byggð yfir þá lítil skýli sem einnig geyma garðyrkjuáhöld, garðslöngu og garðkönnu. Skýli þessi eru byggð að fyrirmynd sams konar skýla í kirkjugarðinum í Vestmannaeyjum en hafa þó verið endurbætt frá þeirri gerð.

Þá hefur verið skipt um jarðveg og göngustígar endurbættir eftir þörfum og árið 2008 kom upp sú hugmynd að setja árlega upp 5-10 krossa með nafnspjaldi á þau leiði sem þekkt væru, hefðu engin minningarmörk og enginn virtist sinna. Þetta verk var hafið árið 2009 og verður sinnt áfram eftir því sem efni leyfa. Skarphéðinn Ragnarsson, sem var formaður stjórnar kirkjugarðsins á árunum 2004-2010 segir að búið sé að setja upp nokkra krossa en merkingar vanti ennþá. „Verið er að skoða hvaða efni hentar best í spjöldin hvað endingu varðar og fá tilboð í þau auk þess sem stefnan er að setja upp fleiri krossa í ár.“

Jólakrossinn stenst veður og vind

Fyrir nokkrum árum kom upp hugmynd um að smíða ljóskross sem settur yrði upp í garðinum yfir jólahátíðina. Krossinn var smíðaður úr plönkum, hvítmálaður og svo keypt ljósasería frá Bergiðjunni til að lýsa hann upp. Fyrstu jólin voru bara ljós öðrum megin á krossinum enda óljóst hvernig til tækist og hvort krossinn stæðist vetrarveður. Skarphéðinn segir fólk hafa kunnad að að meta krossinn og ári síðar voru fleiri ljós keypt og krossinn



Húnavetnsku stöplarnir þrjár sem settir voru upp á Hjaltabakka til minningar um gamla kirkjugarðinn.

lýstur upp beggja megin. „Nú er komin hefð á að þessi kross sé settur upp á aðventunni og logi yfir jólahátíðina og fram yfir þrettándann. Hann hefur líka reynst sterkur og staðist mörg óveður sem gengið hafa yfir eftir að hann var fyrst settur upp.“

Bætt aðkoma

Ein stærsta framkvæmd undanfarinna ára snéri að aðkomunni í garðinn. Skarphéðinn segir hafa verið þörf á að skipta um jarðveg framan við aðalhliðið: „Þarna óðst alltaf upp drulla á vorin og hefði þurft að taka fyrir jafnvel enn stærra svæði en gert var en það fékkst ekki þá. Blönduósabær kom að þessu verki en ennþá vantar efsta lagið á það svæði sem tekið var fyrir. Þá létum við leggja gangstétt milli aðalhliðs og hliðs sem er fyrir innkomu lík-bíls í þann hluta garðsins sem nú hefur verið tekinn í notkun. Þessi stétt er með fimm ljósum á stólpum og er þeim birtustýrt af sjálfvirkum rofum sem stjórna öðrum ljósum í garðinum. Þetta setur mikinn svip á aðkomuna, einkanlega í rökkri. Þá var í leiðinni sett upp ný flaggstöng í þessa stétt. Þessi framkvæmd var alfarið kostuð af garðinum sjálfum þótt bærinn eigi samkvæmt lögum að kosta framkvæmdir utan garðs,“ segir Skarphéðinn. „Við fórum þess líka á leit við sveitarfélagið að það kæmi að jarðvegsskiptum við útkeyrsluna vestan við garðinn en þar þarf að setja mól í nokkuð stórt svæði sem er með miklum leir í. Það tókst ekki í þetta skiptið en þörfin er vissulega enn til staðar og verður vonandi ráðist í það verk fyrr en síðar.“



Legsteinarnir tveir sem fluttir voru frá Hjaltabakka.



Séð yfir Blönduóskirkjugarð.



Veggurinn um garðinn er teiknaður af dr. Magga Jónssyni arkitekt frá Kagaðarhóli.

Fjármögnun verkefna erfið

Aðspurður segir Skarphéðinn erfitt að fjármagna framkvæmdir í garðinum en það hafi tekist með aðhaldssemi: „Við höfum verið að klípa þetta af naumum fjármunum garðsins og í raun mesta furða hvað það hefur tekist en þetta hefur svo sem líka dreift á mörg ár. Minnug þess að fjármál kirkjugarðsins voru komin á mjög vafasamt stig fyrir allnokkrum árum höfum við viljað fara varlega og velt hverri krónu fyrir okkur áður en ákvarðanir um útgjöld hafa verið teknar. Ljóst er að stærri framkvæmdir verða ekki mögulegar með óbreyttum fjármunum en það er von okkar að sæmilegt og nauðsynlegt viðhald geti gengið að óbreyttu.“

- Eru einhver verkefni á óskalistaum varðandi frekari framkvæmdir?

„Já, það þyrfti að gera ýmislegt í viðbót, t.d. koma upp bílastæðum framan við aðalhlíð garðsins og í rauninni að skipuleggja svæðið allt varanlega með gangstéttum og kantsteinum og gera aðkomuna meira aðlaðandi en hún er í dag. Þá langar okkur að gróðursetja runna á tveimur stöðum innan garðs og þar þarf að undirbúa um 30 metra langt beð. Þá þarf að hreinsa upp göngustíga og bæta í þá frostfríu efni eða setja gangstéttar, hellur eða malbik. Við þurfum að gera eina eða tvær nýjar reinar við ný grafarstæði sem farið er að taka í notkun. Við höfum einnig verið að undirbúa gerð upplýsingaskiltis með ágripi af sögu garðsins sem fyrirhugað er að setja upp innan við aðalinnganginn. Í skiltinu verður ljós sem stýrist af öðrum sjálfvirkum ljósum garðsins. Þessi vinna er komin nokkuð áleiðis og hef ég séð um þetta að nokkru leyti sjálfur en einnig fengið hjálp góðra manna og vonandi kemst þetta í gagnid á árinu í ár eða á næsta ári.“

Ýmislegt fleira hefur verið gert en fyrir um þremur árum var smíðaður léttari og meðfærilegri hrunkassi fyrir grafartöku þar sem hinn eldri var orðinn ónothæfur og jafnvel hættulegur. Þá var á síðastliðnu ári settur upp tengikassi fyrir jólaljós því sá eldri hélt hvorki vatni né vindi. „Kirkjugarðsvörðurinn okkar sá svo um á eigin kostnað að setja niður faldar raflagnir (12 volta) en hann hefur séð um að setja þessi ljós upp um jólin.“

Skarphéðinn segir áhuga fólks á því að sinna kirkjugarðinum hafa stóraukist undanfarin áratug, fólk fylgist vel með framkvæmdum og sífellt fleiri heimsæki garðinn, sinni leiðum ástvina og fegri. „Þetta er vissulega ánægjuleg þróun og greinilegt að fólk hér er farið að hafa metnað fyrir hönd garðsins. Svo má ekki gleyma því að við erum svo heppin að hafa afburða góðan og duglegan kirkjugarðsvörð til að hjálpa okkur við viðhald og hirðu garðsins. Án hans hefði eflaust margt farið úrskeiðis. Kunnum við honum bestu þakkir fyrir aðstoðina og vonumst til að fá að njóta krafta hans sem lengst,“ segir Skarphéðin að lokum.



Uppdráttur af kirkjugarðinum á Blönduósi eftir Guðmund Rafn Sigurðsson.



Fjöl-smíð ehf

Líkkistuvinnustofa



Fjöl-smíð Líkkistuvinnustofa er fjölskyldufyrirtæki sem stofnsett var árið 1995. Fyrirtækið sérhæfir sig í framleiðslu á líkkistum og krossum á leiði, auk þess að sjá um bólstrun og hönnun á sængurfötum í kistur. Fjöl-Smíð býður upp á fjölbreytt úrval af líkkistum. Einnig bjóðum við margar tegundir af duftkerum og hluti sem notaðir eru í kirkjugörðum, s.s. blómavasa og kertaluktir.

Fyrirtækið þjónustar útfararstofur á höfuðborgarsvæðinu sem og á landsbyggðinni, jafnframt því að þjónusta heilbrigðisstofnanir og einstaklinga um land allt. Að Stapahrauni 5 er rúmgóður sýningarsalur sem opin er alla virka daga frá kl.8.00 til 17.00, og eru þar veittar allar upplýsingar um vörur og þjónustu, einnig er hægt að hafa samband eftir lokun og um helgar í síma 565-8995 og farsíma 898-5765, einnig er hægt að fá sendan bækling ef eftir því er óskað. Kisturnar frá okkur uppfylla kröfur umhverfisstaðla Norðurlanda hvað varðar greiftrun og brennslu.



Fjöl-smíð líkkistuvinnustofa
 Stapahrauni 5 - 220 Hafnarfirði
 sími: 565-5775.
 Netfang: fjolsmid@simnet.is
 Heimasíða: <http://www.uth.is>



Arnór L. Pálsson
framtæmðastjóri



Ísleifur Jónsson
útfarasjóni



Friðmann Andrésson
útfarasþjónusta



Jón G. Bjarnason
útfarasþjónusta

REYNSLA · UMHYGGJA · TRAUST



Hugrún Jónsdóttir
útfarasþjónusta



Guðmundur Baldvinsson
útfarasþjónusta



Þorsteinn Elísson
útfarasþjónusta



Ellert Ingason
útfarasþjónusta

ÞEGAR ANDLÁT BER AÐ HÖNDUM

*Önnumst alla þætti
útfararinnar*



**ÚTFARARSTOFA
KIRKJUGARÐANNA**

Vesturhlíð 2 • Fossvogi • Sími 551 1266 • www.utfor.is

Frá andláti til útfarar

Þegar andlát ber að höndum fer af stað ferli sem hefst með útgáfu dánarvottorðs. Hafi andlát orðið á sjúkrahúsi eða elliheimili úrskurðar lækni ávallt að viðkomandi sé látinn. Beri andlát að annars staðar þarf að kveðja til lækni og lögreglu og einnig ef líkfundur verður á viðavangi. Presti er að jafnaði tilkynnt um andlátið og sér hann eða lögreglan um að láta nánustu ættingja vita. Þegar andlátið hefur verið tilkynnt er líkið fljótlega flutt til líkhúss en stundum er líkið krufið á rannsóknarstofu og síðar flutt í líkhús. Við andlát tekur við nýr lögaðili, þ.e. dánarbú hins látna. Dánarvottorð má aðeins afhenda venslamönnum en séu þeir ekki til staðar skal það afhent þeim er sér um útförina. Flestir nýta sér síðan þjónustu útfararstofa en það er þó ekki skylda.

Þegar lík hefur verið flutt í líkhús er það klætt í líkfatnað og lagt í kistu. Útfararþjónusta sér um þennan þátt. Líksnyrtir á vegum útfararþjónustu sér um að farða andlit hins látna og lagfæra hár, yfirleitt í samráði við aðstandendur. Kistulagningarbæn fer svo fram innan fárra daga en við þá athöfn koma nánustu ættingjar og vinir saman ásamt presti sem fer með bæn. Við athöfnina er kistan höfð opin og aðstandendur signa í lokin yfir ásjónu þess látna áður en kistulokið er sett á.

Útförin sjálf fer oftast fram nokkrum dögum eftir kistulagningarbæn og getur hún verið jarðaför eða bálför. Ef um jarðarför er að ræða er kistan flutt strax eftir útförina til kirkjugarðs til greftrunar. Ef hins vegar er um bálför að ræða er kistan flutt aftur í líkhúsið og bíður þar bálfarar hjá bálstofunni í Fossvogi. Að bálför lokinni er aska hins látna sett í duftker sem síðan er grafið í kirkjugarði þann dag sem aðstandendur kjósa og er prestur venjulega með þegar duftker er grafið.

Útfararsíðir og hefðir eru mismunandi eftir trúfélögum en samkvæmt lögum er skylda að greftra í lögmætum kirkjugarði eða brenna í viðurkenndri bálstofu. Þó er heimilt að afmarka óvígðan reit innan kirkjugarðssvæða, ef kirkjugarðsstjórn samþykkir, þar sem greftra má fólk sem ekki kys að hvíla í vígðri mold. Í lögum um kirkjugarða er heimilað að ráðherra veiti leyfi til að dreifa ösku yfir öræfi eða sjó, liggi fyrir ótvíræð ósk hins látna þar að lútandi.

Ef frátekinn legstaður er ekki fyrir hendi útvegur útfararþjónusta legstað í samráði við aðstandendur. Samkvæmt lögum er skylt að virða ákvörðun sjálfráða manns til greftrunar eða brennslu en hafi sá látni ekki gefið slíkt uppi ákveður eftirlifandi maki/sambúðaraðili ásamt kjörniðjum hvort um greftrun eða brennslu verður að ræða. Ef valin er brennsla skal liggja fyrir vottorð lögreglustjóra um að hann sjái ekkert því til fyrirstöðu.

Óheimilt er að setja andvana fætt barn eða látið ungbarn í kistu með öðrum nema hlutaðeigandi prestur eða safnaðarstjóri hafi verið tilkynnt um það. Útfararstjóri ber ábyrgð á því að þessu sé fylgt.

Minning sem lifir



Álskildir • Koparskildir • Krossar • merkingar fyrir duftker

HELLA ehf. Málmsteypa

Kaplahraun 5 • 220 Hafnarfjörður • S: 565 1022 • www.hella.is • hella@hella.is

Fréttir af aðalfundi 2012 og 2013

Aðalfundur KGSÍ 2012 var haldinn á **Hótel Laka við Kirkjubæjarklaustur í Landbroti** laugardaginn 12. maí. Þátttaka var mjög góð. Fjörutíu og sjö fundarmenn rituðu nöfn sín á nafnalista og við kvöld-verðarborðið var heildartala með mökum rúmlega 80.



Leiðsögumaðurinn – Jón Helgason fyrrv. ráðherra (ÞR)

Dagskráin var fjölbreytt og flutt voru mörg erindi.

Indriði Valdimarsson, skrifstofustjóri hjá Kirkjugarði Akraness, sagði frá starfi sínu



Langholtskirkja í Meðallandi (ÞR)

og sýndi litskyggnur með. Akraneskirkjugarður er einn af stærstu kirkjugörðum landsins og er hann mikil bæjarþryði.

Sú venja hefur skapast að fenginn er heimamaður til að flytja erindi og ekki er verra að viðkomandi hafi góðan húmor. Í þetta sinn heimsótti okkur Ólafía Jakobsdóttir forstöðumaður Kirkjubæjarstofu á Kirkjubæjarklaustri.


Þórsteinn Ragnarsson sagði frá nýju greiðsluferfi KGSÍ sem tekið var í notkun 1. janúar 2012 og felur í sér að KGSÍ greiðir öllum prestum landsins fyrir þjónustu

við útfarir. Þórsteinn sagði frá skýrslugerð presta en þeim er gert skylt að fylla út og senda inn dánarskýrslur til www.gardur.is. Sömu skyldur hafa starfsmenn kirkjugarða sem senda jarðsetningarskýrslur inn á www.gardur.is. Þessi þjónusta KGSÍ léttir mikið undir með prestum sem áður þurftu að senda reikning til kirkjugarðsins til að fá prestsþjónustuna greidda. Miklar vonir eru bundnar við þessa nýju þjónustu KGSÍ og er þess vænst að vöntun á skýrslum frá kirkjugörðum og prestum heyrir nær sögunni til.

Umfangsmikill dagskrárliður var nefndur „Úr smiðju garðyrkjudeildar KGRP og KGA“. Garðyrkjufraeðingarnir Þorgeir Adamsson frá KGRP og Stefán Gunnarsson frá KGA ræddu um grafartekt – undirbúning, framkvæmd og frágang. Þorgeir Adamsson, garðyrkjustjóri KGRP, fjallaði um grafartekt. Kom hann inn á lög og reglur, upplýsingar til grafara, verklag við grafartekt, umbúnað, verklag við að loka gröf, frágang, mismunandi aðstæður og fleira.

Stefán Gunnarsson, skruðgarðyrkjufraeðingur hjá KGA, fjallaði um þau mál efni sem taka við eftir að sjálfri grafartekti er lokið, hvernig gengið er frá gröfum, þær sléttaðar, sáð í eða þær tyrfdar. Þá ræddi hann um hvernig ætti að túlka lögin, þ.e.a.s. hvað starfsmenn kirkjugarða megi gera varðandi leiði án aðkomu aðstandenda. Einnig fjallaði hann um minningarmörk og „viðbótarhluti“ sem fólk kemur með og leggur á leiði og hvað hægt er að gera til að þjónusta aðstandendur.

Eftir fundinn fóru fundarmenn og makar í skoðunarferð með Jóni Helgasyni frá Seglbúðum, fyrrverandi ráðherra. Farið var um Landbrot og Meðalland, Langholtskirkja skoðuð og á leiðinni til baka var farið um Eldhraun að Kirkjubæjarklaustri þar sem kirkjan var skoðuð. Vegurinn var fremur slæmur og hristist rútan mikið nær alla leiðina. Það voru þó ekki miklar hremmingar miðað við það sem Jón sagði okkur að bændur hefðu þurft að þola þegar Skaftáreldar spúðu eldi og eimyrju yfir lönd og þjóðir. Við kirkjuna í Langholti í Meðallandi er upplýsingaskilti og á því stendur m.a.: „Í Skaftáreldum sumarið 1783 eyddust öll hús og



Myndin sýnir bæjarhúsin í Langholti um 1920, teiknuð eftir lýsingu Guðlaugar Sveinsdóttur á Langholti

Í Skaftáreldum sumarið 1783, eyddust öll hús og kirkja í Hólmaseli er hraun rann yfir þau. Í Meðallandi var því engin kirkja.

Var þá valið kirkjustæði handa Meðallengingum í Langholti af þeim séra Jóni Steingrímssyni eldpresti og Magnúsi Andrésyni í Þykkvabæ ásamt "skynsamari" bændum í sókninni.

Árið 1786 var sóknarkirkja byggð í Langholti, það var torfkirkja og þakin með mel. Árið 1793 var Sveinn Pálsson hér á ferð og skrifar í ferðabók sína "Á Langholti er snotur lítil kirkja nýlega byggð með rimlagirðingu í kring og sækir allt Meðallandið þangað".

Kirkjan var endurbyggð 1831. Núverandi kirkja var reist 1862-63 og var afhent 14 des 1863, og þá hæst og tígulegust allra húsa í sókninni sem þá taldi 401 sóknarborn á 66 býlum. Þjónustuhús var reist við kirkjuna 1995.

During the Skaftá volcanic eruption of 1783, the church at Hólmasel, Meðalland, burned down, and a decision was made to build a new church at Langholt. A church was built of turf, roofed in lyme-grass. The church was rebuilt in 1831, and the present church was constructed in 1862-63. The church was presented to the parish on 14 December 1863, when the parishioners numbered 401.

Upplýsingaskilti fyrir framan Langholtskirkju í Meðallandi (ÞR)



Líkan af kirkjunni þar sem hin fræga eldmessa var sungin 20. júlí 1783 af eldklerkinum sr. Jóni Steingrímssyni. Líkanið er í kirkjunni á Kirkjubæjarklaustri (ÞR)



Prestbakkakirkja á Síðu (ÞR)



Sérstakur legsteinn í Prestbakkakirkjugarði á Síðu (ÞR)



Aðalfundarfulltrúar í kirkjunni á Kirkjubæjarklaustri (ÞR)



Ólafía Jakobsdóttir, forstöðumaður Kirkjubæjarstofu, flytur mál sitt (Arnfinnur R. Einarsson)

kirkja í Hólmaseli er hraun rann yfir þau. Í Meðallandi var því engin kirkja. Var þá valið kirkjustæði handa Meðallendingum í Langholti af þeim séra Jóni Steingrímssyni eldpresti og Magnúsi Andrésyni í Pykkvabæ ásamt „skynsamari“ bændum í sókninni.“

Um kvöldið var hátíðarkvöldverður á Hótel Laka þar sem fundað var um daginn og þar var góð samvera fram eftir kvöldi.

Heimamenn sáu um tónlist og söng og héldu uppi góðu stuði.

Daginn eftir var farið að Prestbakka á Síðu og kirkja og garður skoðuð.

Aðalfundur 2013, þ.e. næsti aðalfundur KGSÍ, verður haldinn á **Hótel KEA** á Akureyri laugardaginn **4. maí nk.** og

er það í þriðja sinn sem aðalfundurinn er haldinn þar. Til stóð að halda fundinn á Hótel Hamri við Borgarnes. Fyrirhugað var að stækka hótelið um 12 herbergi og þá hefði það í heild nægt fyrir KGSÍ-hópin en af stækkuninni varð ekki. Það verður því nú sem fyrr að vinir okkar á Akureyri, með Smára Sigurðsson, framkvæmdastjóra Kirkjugarða Akureyrar, fremstan í flokki, bjarga okkur. Margt fróðlegt verður á dagskránni og ýmislegt til skemmtunar eins og ávallt. Skráning á aðalfundinn er á slóðinni www.gardur.is/adalfundur/



Kirkjubæjarklausturskirkja (ARE)

Bjóðum upp á krossa á leiði

- Trékrossa
- Zinkhúðaða
- Úr ryðfráu stáli
- Álettrum plötur



Eigum margar gerðir af krossum

ÚTFARARÞJÓNUSTA
KIRKJUGARÐA AKUREYRAR
Höðn, v/ Þórunnarstræti - 600 Akureyri
Sími 461 4060 - www.kirkjugardur.is/utka



**Göngum hreint
til verks!**



Guðjón Ó
VISTVÆNA PRENTSMÍÐJAN
www.gudjono.is – Sími 511 1234

Gunnar Neegaard

Trúarbrögð og útfararsíðir

Uppruni og inntak

Trúarbrögð og útfararsíðir

Bók þessi er hvort tveggja í senn, leiðsögurit og fræðirit, sem veitir hnitmiðaða innsýn í útfararsíði, sögulegan uppruna og grundvallarhugmyndir helstu trúarbragða heimsins.

Bókin er nauðsynleg í starfi allra þeirra fjölmörgu sem koma að útförum. Visindasjóður Prestafélags Íslands greiðir bókina fyrir presta sem hafa aðild að sjóðnum. Bókin er til sölu á skrifstofu Kirkjugarðanna í Fossvogi og er hægt að panta hana með því að hringja í síma 585-2700 og tala við Gunnar, Ingunni eða Helgu.



GRAFARASÖNGUR



Gröfum og gröfum !
glamra rekur
á brotnum kistum
og bleikum kögglum,
gægjast hálfúnar
höfuðskeljar,
moldar fram
úr myrkvu djúpi.

Hér er hið rétta
ríki jafnaðar:
sofa hér jafnvært
í svartnætti grafar
konungurinn
við kotungs siðu,
ölmusumaður
og auðkýfingur.

Hér er hinu snotri
snyrtimaður
ítrum mitt
í æskublóma
öldungs örvasa
og elliðignis
við hlið laginn:
— þeir hvílast jafnt!

Hér sofa fjandur,
er í heiftarmóði
bárust fyrr á
banaspjótum ;
frosin er nú heift
úr fúnu brjósti;
blunda þeir vært
sem bræður væru.

Hér er konungur
í kistu laginn,
purpuraskikkju
skryddur dýrri;
hún er nú fúin
og höfuðskel sú,
er kórónu bar,
ei kennist frá hinum.

Nú er drambsvipur
af drottins enni
runnin burt
og reiðiskuggar;
jafnveikt er það
fyrir járnkarli mínum
sem hins þróttmínsta
af þegnum hans.

Er-a stillis hönd
styrkvari nú,
þótt veifði gullnum
veldissprota,
en vesalings,
er veikri mundu
göngustaf
greipa náði.

Glyttir hér í hvíta
í grafarhúmi
höfuðskel
hýrrar meyjar,
þeirrar, er áður
um aldurdaga
fljóða allra
fegurst þótti.

Par sem hrafnsvartir
hrundu lokkar
um munarjóðan
meyjarvanga,
sjást nú bein ein,
bleik og skinin,
yndi fjær
og ástarþokka.

Par sem bláfögur
brostu augu,
er kveiktu ást
í ungum brjóstum,
eru nú holar
augnatóttir
og dimmgrimmt
dauðamyrkur.

Dauðlegur maður,
þú ert dust jarðar,
lítið því yfir þér
láta skaltu;
vit, að brátt munu
bein þín hringla
köld og stirð
á kistufólum.

Gröfum og gröfum !
götu ryðjum
helstirðum líkum
að hínzsta beði!
Gröfum og gröfum,
glamrar í beinum!
hingað og hingað,
en hvergi lengra!

Kristján Jónsson.



**Komatsu Zenoah vélorf,
keðjusagir og limgerðisklippur.**
Sterkbyggð, örugg og afkastamikil vinnutæki



Vetrarsól ehf.
Askalind 4, Kópavogur
Sími 564 1864 · Fax 564 1894
Netfang vetrarsol@simnet.is



Stiga sláttuvélar í úrvali.

Sænskar, einstaklega
notendavænar sláttuvélar



Club Car raf- og bensínbifreiðar í úrvali.

Virtasta fyrirtæki sinnar tegundar í heiminum með 40 ára reynslu.

Blóm á grafreiti

Tökum við pöntunum fyrir Hólavallagarð
við Suðurgötu, Gufuneskirkjugarð Foss-
vogskirkjugarð og Kópavogskirkjugarð



Upplýsingar alla virka daga frá
kl. 9 - 16 í síma 585 2770





Skaftfell ehf

Sundaborg 3, 104 RVK, Sími: 5889020

Approved
Distribution Partner
Building Technologies

SIEMENS



Sérhannað af Siemens fyrir heimili og lítil fyrirtæki, fjölhæft öryggiskerfi sem sameinar öryggi og þægindi í eitt kerfi, gerandi það að réttum kosti fyrir hvern sem leitar sér að góðri innbrotaviðvörðun, algeru öryggi og úrvals þægindum. Stílhreint og flott stjórnstöð og hnappaborð sem eru hjarta kerfisins, sem er hvort sem er vírað eða þráðlaust. SMS viðvaranaskilaboð, vatnslekanemum eða jafnvel ljósaþýring eru örfá dæmi um möguleikana sem Sintony 60 býður uppá, þannig að þú ert viss um að hvar sem þú ert, þá er þitt heimili eða fyrirtæki í öruggum höndum. Einfaldlega og áreiðanlega.

www.siemens.com/intrusion

www.skaftfell.com

SIEMENS

Ánægðustu viðskiptavinir tryggingafélaga.

Hvað þýðir það nákvæmlega?

Í tólfta sinn eru viðskiptavinir TM ánægðustu viðskiptavinir tryggingafélaga samkvæmt íslensku ánægjuvöginni 2012. Ekkert fyrirtæki á Íslandi hefur jafn oft hlotið þennan heiður og það þökkum við góðu og traustu sambandi við viðskiptavini okkar.

Frá árinu 2005 hafa margir viðskiptavinir TM, sem lentu í tjóni, deilt með okkur hvernig þeir upplifðu úrlausn sinna mála. Svörin sýna ekki aðeins að það skiptir miklu máli hvar þú tryggir, heldur líka af hverju.

Í fyrsta lagi er ráðgjöfin sem þú færð þegar þú kaupir tryggingar lykílatríði. Með rétttri ráðgjöf veistu hvað þú þarft að tryggja og lendir síður í því að verða fyrir tjóni sem tryggingarnar ná ekki yfir.




Í dag var venjulegur dagur.

Í öðru lagi er það hagur allra þegar tjónamál koma upp að úr þeim sé leyst fljótt og vel. Því fyrr sem lífið kemst í samt horf, því betra fyrir alla og því skipta góð viðbrögð öllu máli.

Á afhverju.tm.is getur þú séð fjölda umsagna viðskiptavina sem lent hafa í tjóni og notið þjónustu TM.

Í þriðja lagi getur skipt miklu hvernig brugðist er við tjóninu sjálfu. Ef fyrirtæki lendir til dæmis í bruna er mikilvægt að komast hjá því að reksturinn stöðvist. Þá skiptir afgreiðsla og aðkoma tryggingafélagsins miklu máli.



99 00 01 02 03 04 05 06 07 08 09 10 11 12

Á síðustu 14 árum hefur TM verið 12 sinnum með ánægðustu viðskiptavini tryggingafélaga.

Það er stefna TM að byggja langtíma-samband við okkar viðskiptavini með traustu og öfluglu samstarfi.

*Ef eitthvað kemur fyrir,
þá viltu vera hjá TM.*

